



Atvinnuveganefnd Alþingis

Sent með tölvupósti.
Reykjavík, 24. mars 2021

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um ætliðaskipti bújarða, 422. mál.


Tilv. 202103-0010

Vísað er til umsagnarbeiðni í tölvupósti frá nefndasviði Alþingis þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um tillögu til þingsályktunar um ætliðaskipti bújarða, 422. mál (þskj. 656 – 151. löggjafarþing.

Í tillögunni er lagt til að sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra verði falið að leggja fram frumvarp þess efnis að jarðareigendum verði heimilt að ráðstafa jörðum sínum milli ætliða. Heimilt verði að ráðstafa jörð til lögerfingja með hagkvæmum hætti og án þess að slík ráðstöfun myndi stofn til greiðslu erfðafjárskatts eða íþyngjandi skulda viðtakanda jarðar til annarra lögerfingja. Bændasamtökin telja mikilvægt að greitt verði fyrir ætliðaskiptum bújarða. Kynslóðaskipti hafa reynst þung, fyrst og fremst vegna fjármögnunar og þess sem þarf að huga að við yfirfærslu verðmæta. Til að tryggja nýliðun í landbúnaði er nauðsynlegt að gera ungum bændum kleift að taka við og eignast bújarðir eldri kynslóða án að stofnunar íþyngjandi skulda sem getur valdið því að yfirfærsla milli kynslóða gengið til baka og búskapur á jörðum leggst niður. Lögð er áhersla á að útfærsla á slíkum reglum taki mið af því að greiðslur úr almannatryggingarkerfinu haldist óskertar.

Að því sögðu taka Bændasamtökin undir tillöguna og eru fulltrúar þeirra jafnframt reiðubúnir til að koma á fund nefndarinnar til frekari umræðna.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands


Guðrún Vaka Steingrimsdóttir